

THOR VILHJÁLMSOON

RITPING

21. JANÚAR 2006



THOR VILHJÁLMSOON

Pann 21. janúar 2006 sat Thor Vilhjálmssoo fyrir svöru á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi var Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur. Í hlutverki spyrta voru þeir Sigurður Pálsson rithöfundur og Ástráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur.

Steinunn Ólafsdóttir, fyrsti lestur.

Spuni og standardar

Halldór:

Góðir gestir, hjartanlega velkomin á þetta Ritþing sem helgað er Thor Vilhjálmssoo. Við ákváðum að byrja í miðju kafi, ef svo má segja, og það var Steinunn Ólafsdóttir sem las hér fyrir okkur brot úr *Fljótt, fljótt sagði fuglinn*. Það er gaman að sjá hve vel er mætt, hér er fullt hús og það er eins og ég hef alltaf sagt, móðernisminn trekkir. Við getum vonandi átt hér ánægjulega stund. Í raun og veru er þetta fjöllistaping því hér verður hálfgildings Sjónþing líka og það verður tónlist og það verður upplestur og það verða umræður. Með mér, til þess að ræða við skáldið Thor Vilhjálmssoo, eru Ástráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur og Sigurður Pálsson skáld. Við höfðum, eins og Sigurður Pálsson orðaði þetta í undirbúningnum, hugsað þetta dálítið eins og góða jazztónleika; það verða bæði spuni og standardar.

Árið 1968 sendi Thor frá sér sína fyrstu skáldsögu og síðan fylgdu mörg stórvirki á sviði skáldsagnagerðar á næstu 10 árum. Mig langar að gefa Ástráði orðið til að leggja fyrstu spurninguna fyrir skáldið því hann hefur mikið fengist við skáldsögur Thors.

Ástráður:

Ég hef oft undrast það hversu ótrúlega frjótt skeið kemur þarna frá og með *Fljótt, fljótt sagði fuglinn*. Auðvitað hafðir þú gert margt áður og hefur gert margt í seinni tíð en á þessum árum frá 1968 og fram til 1979 þegar *Turnleikhúsið* kemur út, þá birtist hvert stórvirkið á fætur öðru með stuttu millibili. Það er *Óp bjöllunnar* og *Folda* þar á eftir, *Fugla-skottís* árið 1975, *Mánasigð* árið 1976 og, eins og ég sagði, *Turnleikhúsið* árið 1979 og inn á milli eru síðan greinasófn, ferðasögur, *Hvað er San Marínó?*, *Fiskur í sjó*, *fugl úr beini* og *Faldafeykir*. Þetta er eiginlega með ólíkindum, finnst mér, þegar maður lítur yfir þetta tímabil og mig langar að spyrja þig: Er eitthvað sérstakt á seyði þarna? Er eitthvað í andrúmsloftinu eða er það þessi fyrsta skáldsaga sem hleypir þessu af stað? Hvernig skynjar þú þetta skeið?

Thor:

Ja, nú vandast málið, ég þarf að tala. Ég er bara svo uppnuminn af þessu dálæti sem ég nýt hér og svo hef ég nú sagt stundum, ég má nú passa mig að segja það ekki of oft, að það allra mikilvægasta er nú runnið upp fyrir mér í þessu og það er fyrir rithöfund að kunna að þegja og það má ég ekki gera núna. Eins og mér fyndist mest við hæfi, sérstaklega þegar ég sit með svona fallett fólk fyrir framan mig og þessa öflugum menn hér til beggja handa sem er miklu meiri fengur að heyra tala.

En eitthvað hlýtur það að hafa verið. Það var eitthvað voða mikið að ganga um allan heiminn og maður átti að bylta öllu. „Hverri tign af velli velt sem veröldin á“, eins og Þorsteinn Erlingsson kvað. Ég hafði nú ekki verið alveg stilltur fram að þessu og svo kemur þetta í framhaldi af öllu sem ég var að fást við og reyna og þreifa og hamast. Stundum var eins og maður léti öllum illum látum en þetta var einhvern veginn komið út úr þessum látum mínum. Það gekk svo mikið á um allan heiminn og þessar bækur eru kannski til vitnis um það. Það er margt fleira í þessum bókum. Í bókunum sumum spanngi ég, þar sem ég var

að reyna að orða eitthvað sem var að gerast og byltast í heiminum og í mér sjálfum og svo þreifaði ég á fleiru, goðsögnum ýmsum út frá því sjónarmiði hvað þar helst mætti nýtast. Mér finnst svo mikilvægt á hverjum tíma að menn standi ekki uppi bara fálmandi arflausir og vitandi ekki af því sem var á undan okkur.

Ég veit ekki, Ástráður minn, en það gekk eitthvað voða mikið á og ég var að reyna að bregðast við því með mínum hætti. Og svo í þessum bókum sem síðar komu; einhverjir eftirlitsskarfar sendu út úr stofum sínum þann boðskap að það væri nú ekki fyrir alla að lesa þetta, þó svo að þeir áttuðu sig sjálfir. Það þótti mér bölvað því hver og einn, ef hann ætti erindi, gæti haft einhver not af bókunum; hann gæti fundið sinn lestrarhátt. Opnað bókina hvar sem væri; þar stæði eitthvað. Og svo voru einhverjir að segja við mig að það væri ómögulegt að lesa bækurnar; þetta væri allt of mikið. Ég vildi heldur að það væri allt of mikið heldur en allt of lítið.

Það verður allt skrifað aftur

Ástráður:

Ef ég má spyrja í framhaldi af þessu, fyrst þú ert að nefna þarna hvernig maður les bækur. Það er ákveðin áskorun í þínum bókum um að lesa af athygli og líka nautn, að lesa á einhvern hátt sem manni finnst ekki vera hefðbundinn. Þá dettur mér í hug að spyrja þig bara hreinlega, þótt ég hafi ekki ætlað að gera það. Nú er tímaröðin farin að raskast hjá mér en það er nú viðeigandi.

Thor:

Spurðu hvað sem þú vilt, það er ekki víst að ég geti svarað!

Ástráður:

Sem sé, í staðinn fyrir að fara kannski að spyrja þig um áhrif frá öðrum rithöfundum og svoleiðis, eins og hefðbundið er á svona þingum, þá er freistandi að spyrja þig um lestur og hvernig lesandi þú ert? Hefur þú velt því fyrir þér? Hvernig lest þú bækur og skáldverk?

Thor:

Ég verð nú að játa að ég hef ekkert hugsað út í það. Les bara ef ég á

einhverja von um að mér geti áskotnast eitthvað og svo ef ég sé að þessi bók gagnist mér eitthvað. Ég hnýsist í margt, er forvitinn og ég vona að ég haldi forvitninni. Ég held það sé brýnt fyrir okkur öll að halda forvitninni en forvitni er allt annað en hnýsni.

Já, hvernig ég lesi. Ég bara les, lærði snemma að lesa og það hefur dugað mér nokkuð vel og svo hef ég bara skákað í því skjóli. Allra erfiðast fyrir mér er að skýra hvernig ég lesi; ég bara les ef eitthvað vekur athygli mína og eftirvæntingu. Og svo varstu að tala um að ég ætlist til. Það er frekar að ég hafi von um það að einhverjum dugi og þá er það bara undir hverjum og einum komið. Og draumur líka, draumur, það hljómar kannski kjánalega, rómantískt að ég viti hvaðan. Það er draumurinn um að vekja hulduskáldið í sem flestum og í hulduheimum og launhelgum flestra manna; að vekja það allt og láta það streyma. Það er draumur sko, ekki tilætlun, draumur frekar.

Halldór:

Þú sagðir áðan, Thor, að við værum ekki hefðarlaus. En þegar *Fljótt, fljótt sagði fuglinn* kom út þá sáu náttúrlega margir það sem alveg nýjan tón og kannski enn frekar eftir á, í svona seinni tíma mati. Hvernig fannst þér þetta sjálfum vera?

Thor:

Já, ég var bara að vona að ná einhverju sem byltist í sjálfum mér og var í kringum mig. Ég hef aldrei haft áhuga á að endurtaka það sem aðrir hafa gert, það finnst mér þarflaust. Og þó segir predikarinn: „Ekkert er nýtt undir sólinni“.

En ef ég má víkja að þeim mikla meistara Bórges sem ég sá einu sinni og heyrði í Marokkó. Ég kynntist honum áður hér á Íslandi og átti góðan dag með honum. Hann hafði dálitla skímu á öðru auganu þegar ég var með honum í safni Sigurjóns Ólafssonar og víðar. En þegar hann kom til Marrakesh á skáldþing var hann orðinn alblindur. Og svo kemur hann í fullan sal af skáldum, leiddur þar af fylgikonu sinni, Maríu Kodama, sem er japönsk og argentísk minnir mig, og þá segir hann svona: „Bráðum er ég allur og allt, sem ég hef skrifað, það gleymist, það týnist. Það gerir ekkert til; það verður allt skrifað aftur.“

Ég hef aldrei haft áhuga á því að vera að endurtaka. Mér finnst óþarfi að vera að taka það sem aðrir hafa gert. Mig hefur alltaf langað til að koma með eitthvað og bæta einhverju við með mínum skilmálum í þjónustu annarra.

Ég var einn á báti

Haldór:

Ef við stökkvum aðeins aftur í tímann til ársins 1950 þegar *Maðurinn er alltaf einn*, fyrsta bók þín, kemur út, þá er hér skemmtileg umsögn úr viðtali sem Matthías Viðar Sæmundsson tók við þig fyrir svona 20 árum. Þar stendur:

„Fyrsta bókin mín, *Maðurinn er alltaf einn*, kom út árið 1950. Þá var ég í Reykjavík og hélt að slegið yrði upp þjóðhátíð. Fólk fengi frí úr vinnu og dansað yrði á götum. En þegar ég gekk niður í bæ sá ég að fólk var alveg eins og það átti að sér. Það var eins og ekkert hefði gerst. Á þessum tíma átti ég mér fáa formælendur. Fólk hélt að ég væri hálftrylltur slæpingi að gera einhverja vitleysu. Fáir kunnu að meta texta mína því þeir voru ólíkir því sem menn höfðu vanist. Ég var leiður og hneykslaður á móttökunum, vissi ekki fyrir en löngu seinna að bókin hafði haft áhrif á þá sem mestu skipti, ungu mennina. Ég var einn á báti í þessu stríði. Atómskáldin huguðu að sínu og samfylktu undir einu merki; ég var einn“.

Þetta stríð sem þú háðir einn og lýsir þarna svo fallega, það er líka tengt því að þú ert mikið í útlöndum á þessum tíma. Þú ert til dæmis í París í mörg ár. Eins og aðrir Íslendingar, kemur mér aldrei svo París í hug að hugurinn hvarfli ekki til Sigurðar Pálssonar. Þannig að ég ætlaði kannski að leyfa þér, Siggí, að innleiða þennan partinn.

Sigurður:

Stíllinn finnst mér vera mjög mikið lykilatriði hjá Thor Vilhjálmsyni. Það er eiginlega ómögulegt að tala um Thor öðruvísi en að tala um stíl hans. „Le style, c'est l'homme“ eða: „Stíllinn, það er maðurinn“, segja Frakkar. Og mig langar aðeins að víkja að því hvernig þessi stíll

mótaðist. Hvaða höfundar slógu í takt við þína leit þegar þú varst í París um 1950?

Allir höfundar, held ég, koma sér upp einhvers konar fjölskyldu, einhverjum sem þeir hafa tengst sterkum böndum, sem þeir hafa lært af, dáð, velt fyrir sér. En til þess að byrja á mótunaráhrifum, þá langar mig að víkja að öðrum listgreinum; kvikmyndum, myndlist og kannski fyrst tónlist. Í stíl Thors er ákaflega mikið og mikilvægt músíkalítet. Ég ætla ekki að spyrja núna um Mozart og Bach, við komum að þeim síðar kannski. Mig langar að minnast á mann sem ég var að hlusta á enn einu sinni um daginn og heitir Charlie Parker og þá datt mér allt í einu í hug: Ef Charlie Parker væri rithöfundur þá myndi hann kannski skrifa eitthvað í líkingu við Thor Vilhjálmsson. Það er þessi ótrúlegi fókus í spilamenskunni og á sama tíma þessi magnaði spuni. Hafði jazz og Charlie Parker, sem var í París á þessum tíma, einhver áhrif á þig? Var jazzinn eitthvað sem kom þér til góða á þessum mótunarárum?

Thor:

Þetta er nú svo fallett sem þú segir, Sigurður minn, og þú ert nú svo fundvís og kemur manni á óvart. Ég var kannski dálítið seinþroska í jazzinum að vissu leyti. Við bræður, Guðmundur bróðir minn og ég, við vorum svona einbeittir hvor í sinni sókn. Hann var allra manna næmastur á allra besta jazzinn og hafði sjálfsagt mjög drjúg áhrif á mig þó að ég hafi verið í klassíkinni og svo stálumst við í plötunum hvor hjá öðrum og það var mikið gagn fyrir mig. Og svo Guðmundur Andri, sonur minn, ef hann hefur ekki á móti því að ég ljóstri því upp, þá hefur hann haft ríkari áhrif á mig heldur en aðrir til þess að þroska mig á því sviði.

Og svona til marks um, af því þú ert að tala um Parísarárin. Charlie Parker er í einhverju sérstöku rúmi í mínu hjarta og hugarfylgsnum og svo annar maður sem ég kynntist í glymskratta eða hvernig á að þýða „dukebox“, svona áhald sem er á börum? Þar uppgötvaði ég annan, sem ég laðaðist mjög að á vissum skeiðum, og það var Miles Davis. Og svona hef ég verið heppinn á þessu flangri mínu, fundið stundum á réttum tíma það sem mér var brýnast að ná. Þetta var afskaplega fallett sem þú varst að segja, að flétta okkur Charlie Parker svona saman.

En ég var nú svo heppinn að þekkja náfrænda hans sem var mikill vinur minn í Rómaborg. Hann var óskaplega gáfaður og ætlaði að verða rithöfundur en einhvern veginn náðist það ekki. Hann hefur kannski farið bara í Zen-búddisma, ég veit ekki hvað varð úr því, en hann vissi um allt sem var að gerast í Róm og þekkti alla sem skiptu máli og hann sagði við mig: „Varaðu þig, Thor, ekki gefa of mikið upp af því sem þér býr í hug því það er viðbúið að einhver grípi það og noti það sjálfur“. Og ég sagði: „Vinur minn, það gerir ekkert til. Sumir kannski fara sér að voða á því, því hverjum er brýnast að ná til sjálfs sín og úr sjálfum sér“. Og hann sagði: „Ef þú ert með snjalla hugmynd þá máttu ekki gefa hana upp því það kemur einhver annar og notar hana“. „Allt í lagi“, sagði ég, „allt í lagi“.

Bill Demby hét hann þessi og hann var náfrænda Charlies Parkers og með óskaplega snjallar hugmyndir. Hann átti konu úr bankafjölskyldu í Napolí sem hann eignaðist þegar hann kom með frelsandi hersveitum Bandaríkjamanna í stríðslok. Hann bjó í húsi með þessari konu, sem vildi líka yrkja, og fullt af nornum. Þær komu út úr hverri stofu; norinir með svona ævaforan galdur. Hann hélt stórar veislur; honum tæmdist arfur. Hann hugsaði með sér: Nú get ég keypt mér flugvél eða snekkju og farið um allan heiminn. Nei, ég kemst miklu víðar með því að kaupa mér vínekru. Og þá fékk hann þúsund lítra árlega af gullna víninu, „vino divino“, guðlega víninu. Og það var alveg hreint og ómengað af túrista-prökkurum og sölumönnum. Og hann hélt stórkostlegar veislur og þá fannst honum eftirsóknarvert að fá einhverja gesti sem var ólíklegt að ættu saman samkvæmt venjulegu mati og vita hvað gerðist þegar hann fengi nógu ólíka gesti. Ég gat stundum dugað honum vel þessum vini mínum. Þakka þér fyrir að nefna Charlie Parker; það er mikil upphefð fyrir mig.

Ég trúí á huldufólk

Sigurður:

En talandi um tónlist aðeins meira. Ég hygg að þú hafir hlustað mikið á Bach og hann verður að teljast meistari fúguformsins. Sérfræðingar segja mér að fúgan sé pólífónískt tónsmíðaform sem byggist á grunnstefi sem færast milli radda uns allar raddir fléttast saman en

eru þó sjálfstæðar. Mér finnst eins og þetta sé lýsing á skáldverki eftir Thor Vilhjálmsson. Hefur þú hugsað meðvitað um strúktúrhlíðstæður, um fúguformið til dæmis í skáldsögum þínum, er það meðvitað eða hefur það gerst af sjálfu sér?

Thor:

Bæði og. Svona löngun mín til þess að átta mig á þessum sem voru raddríkastir og gáfu okkur allra mest og hvernig þeir hafa farið að því og svo hef ég svona reynt að láta mig óra fyrir því að nema af þeim sem eru vitrari mér. Mér dettur allt í einu í hug, þegar ég var að vinna með honum Atla Heimi, vini mínum, að gera texta fyrir hann við sjónvarpsóperu. Það var svo yndislegt; hann Atli er svo mikill kennari. Atli ætlaði að halda Wagner að mér og þá sagði ég: „Atli minn, má það ekki vera Mozart?“ Og þá fór hann með mér þangað, í Mozart, og sýndi mér svo margt í tækninni og uppbyggingunni.

Svo varstu að tala um áðan, þetta að koma til Parísar og þetta með tæknina. Maður nær ekki erindum fram án tækni. Það var svona mótblástur hjá ýmsum gegn tækni og verið að eyða því; það væri alveg óþarfi að vera að læra svona. Og ennþá heyrir maður slíkt en maður kemst ekkert ef maður hefur ekki tækni. Og ég var að reyna að ná einhverri tækni sjálfur og af því við lentum báðir í þessu í París þar sem manni fannst bara heimsmiðjan vera og öll erindi heimsins bærust þangað á þessum tíma. Og ég leyfi mér að endurtaka þetta, sem mér dettur stundum í hug, að maður hafi verið með loftnet, nýkominn til Parísar, kunni enga tækni og svo titraði alltaf loftnetið við að nema öll erindin og maður hafði ekki tækni til að koma þeim fram. Og svo sat maður og skrifaði og skrifaði og skrifaði og skrifaði áfram og smám saman varð þetta til í viðleitninni og þessari vissu að það næðust engin erindi fram án þess að hafa tækni.

En það eru skólar og stundum koma menn út úr skólunum, kenna „how to write books“ og „how to conceive fiction“ og svona. Vinur föður míns sendi mér, frá London, bók sem heitir *How to write short stories and sell them*. Ég verð nú að játa það að ég var nú svo hofmóðugur að ég las hana aldrei en gaf einhverjum sem var á þessu sama sviði sem ég ætla ekki að nefna. Maður verður, eins og Svavar Guðnason sagði stundum á dönsku: „Tiltuske sig“, einhvern veginn

að ná tökum á því svo dugi og það er í öllu verki, hvaða verki sem maður vinnur.

Og af því ég er orðinn svona berorður, þá verkar það kannski eins og brandari með konuna sem sagði: „Trúir þú á huldufólk?“ Ef ég má segja það aftur, er ég búinn að segja það sautján sinnum?

Haldór:

Það er spuni og standardar, Thor.

Thor:

Er það ekki? Hún spurði: „Trúir þú á huldufólk?“, svo ég segi: „Já“. „Pú!“ „Já“, segi ég. „Pú!“, segir konan flaumósa, alveg gáttuð, allar gáttir opnar. Ég trúi á fólk sem vinnur hvað sem það er að fást við, til ýtrustu hlítar, án þess að hafa hátt um það. Það er mikið af huldufólki á Íslandi, hvaða skilning sem maður leggur í það.

Gagnlegt að komast í lífsháska

Haldór:

Eitt er með sjötta áratuginn í París sem við þurfum líka að nefna og það er að þetta er líka tími hugmyndaátaka kenndur við existensíalísma og Sartre og Camus. Geturðu sagt okkur aðeins frá hvernig þú skynjaðir þetta?

Thor:

Ég var eini Íslendingurinn á Montparnasse fyrst og þó var nú ekki langt að leita til Harðar Ágústssonar og Sigríðar Magnúsdóttur í næsta hverfi; það var mér afskaplega gott. Þau örvuðu mig þegar það var eins og enginn hefði nokkra trú á því sem ég var að gera. Það hefti mig ekkert en það var ómældur stuðningur að þau hlustuðu og örvuðu mig þegar ég las fyrir þau. Og svo kom allt í einu bara flóðbylgja af Íslendingum á Montparnasse, eins og er bara alls staðar þar sem Íslendingar koma, þá eru þeir bara alls staðar í borgunum. Nema ég flutti í næsta hverfi við, St. Germain des Prés, þar var komin gullöld þess hverfis. Þar var allt fullt af gáfuðu, leitandi ungu fólki sem þráði að gera eitthvað eftirminnilegt og þráði bara að finna til þess að það

væri til og fylgja einhverju sem heimurinn yrði að bjargast á. Margir voru með stóra drauma og mikinn metnað og það var afskaplega mikil frjósemi í loftinu.

Sartre var svona kenningajöfur eða staðgengill guðlegs máttar, almættis jafnvel, var það ekki kallað að vera gúru? Sumir mændu bara á Sartre og það var mjög erfitt að horfast í augu við hann því hann var tileygður. Ég vona að það hafi komið sér vel fyrir hann að hafa svona sjónarhorn. Þetta var helvíti gáfaður maður og mér fannst hann svona dálítið eins og vél og vélvirkar gáfurnar. Og hann var slóttugur í rökfærslum og ef maður las einhverjar kenningar hans þá var maður kominn með alls konar mótbárur og sjö síðum síðar þá svaraði hann kannski þeim rökum. En það voru einhver önnur rök. Þetta var svona óskapleg yfirburðarröktækni en það hentaði mér ekki.

Ég fann hjá Camus einhverjar sífjar. Þú varst að tala um áhrif, sífjar kannski, að finna einhverja frændsemd. Það hljómar kannski oflátungslega, sem ég vildi ekki að það væri, en þegar ég var unglingur þá var þetta upp á líf og dauða að fara í gegnum og lesa Tolstoj. Ég var allt of ungur, hann ætlaði bara að drepa mig. En það er svo gagnlegt að komast í svona lífsháska. Maður verður einhvern veginn að lifa það af og láta ekki drepa sig strax í fæðingu. Og svo síðar Dostojevskí, þetta skipti sköpum fyrir mig ef ég á að vera hreinskilinn sem ég ætti að vera og langar til. Fornsögur okkar, *Íslendingasögurnar*; ég komst snemma í að lesa þær og fleira slíkt. Það er bara svo mikill farangur og lenda svo í þessum rússnesku ofjörlum sem byltu öllu og þar fann ég eitthvað sem ég þurfti á að halda. Og svo náttúrlega yndislegasta skáldið af öllum, þegar maður lítur í þá áttina, Anton Tsjekov, seinna.

Og svo nefndi ég Bórges, þá er það í París að ég er að ganga um í St. Germain des Prés, veitingahúsin full af fólki, það er vor í loftinu. Það kom allt í einu á þessum árum. Það er útmánuður og svo allt í einu komið vor; allt orðið svo áfengt og örvandi. En svo fer ég út úr mergðinni í einhverjar þröngar götur og svo kem ég að bókabúð. Ég hafði ekki komið þar áður, það er þröngt þar inni, bækur alls staðar og hátt til lofts og bókaþöndurinn horfir á mig. Mér finnst svo skrytið hvernig hann skoðar mig, án þess að það angri mig neitt heldur þvert á móti og þá segir hann: „Ég veit hvað þér ættuð að taka núna“ og

réttir mér kver, það hét víst *El Aleph* og fleiri sögur eftir Bórges. Alveg á mátulegum tíma.

Við unnum okkur til óhelgi víða

Haldór:

Það er kannski mátulegt að fá núna örstuttan upplestur úr allt annarri átt og af öðrum áhrifavaldi. Steinunn, ef ég mætti biðja þig.

Steinunn Ólafsdóttir, annar lestur.

Haldór:

Það er merkilegt til þess að hugsa að þetta er blaðgrein skrifuð fyrir nákvæmlega hálfri öld. Og hún getur bæði rifjað upp fyrir mönnum áhuga Thors og ástríðu í sambandi við myndlist og Kjarval og líka að þetta var auðvitað menningarbarátta á þeim tíma; að það væri yfirleitt til eitthvað sem við öll göngum að sem vísu, Kjarvalshús. En „Kjarvalshús“ hét þessi grein og má kannski vera okkur líka örlítill inngangur að Birtings-árunum og þinni menningarbaráttu. Það stríð háðir þú ekki einn með sama hætti?

Thor:

Nei, alls ekki. Það var svo mikill fengur að við skyldum ná saman, við Hörður. Það var afskaplega gott fyrir mig að geta, þegar mikið gekk á svona innra og allt í kring kannski, að geta heimsótt Hörð. Hann var meinlætamaður, sívinnandi, sískapandi og það var svo mikill andlegur kraftur í Herði þegar þurfti og andinn svo sterkur og hann svo hollur félagi. Og svo Einar Bragi sem kom úr annarri átt; hann hafði verið í Svíþjóð. Hann var nú reyndar stúdent fyrir norðan sama árið og ég fyrir sunnan. Og þetta voru menn sem urðu mínir ævarandi vinir og hollir alla leiðina, Birtings-leiðina, og lengur.

Svo var Jón Óskar skáld. Atómskáldin, þú nefndir þau, þau voru að heyja sína baráttu á móti alls konar hlaupadómum og hleyplingum, svona andspyrnuhleyplingum. Og þau urðu að heyja harða baráttu og samfylktu. En mér fannst ég hafa algera sérstöðu í prósanum, nema má ég nefna Geir Kristjánsson, bara rétt að fá að nefna hann svona. Ef við værum alla vikuna að tala um þetta þá myndi ég kannski fá

að segja nokkur orð um hann og mikilvægi hans þennan vetur sem við vorum þrír saman í St. Germain des Prés. Guðmundur Elíasson myndhöggvari átti að verða einn af stóru myndhöggvurum heimsins og Geir Kristjánsson; ég fann margt sameiginlegt um okkur og þó ólíkum mönnum.

En þú nefnir *Birting*; hvað á ég að segja um *Birting*? Það var afskaplega mikill hugur í okkur og við stofnuðum *Birting* til þess að það gæti enginn stjórnað okkur á versta tíma sem hafði gengið yfir, í kalda stríðinu, þar sem voru fylkingar fullar af heift og þrákelkni og offorsi sem ég hef aldrei þolað. Að vera skipað fyrir, það hef ég aldrei þolað, nema þegar ég var á sjó þá hlýddi maður náttúrulega sínum yfirmönnum. Svo bundumst við samtökum, nokkuð ólíkir menn. Við náðum vel saman og við entumst fjórir í þrettán ár. Við unnum okkur til óhelgi víða því við unnum kauplaust að þessu; það var illa séð af þeim sem voru að hugsa um að fá eitthvað fyrir snúð sinn. Við bara gerðum þetta af því okkur fannst að það mætti enginn banna okkur og við gætum komið að öllu því sem hver okkar taldi sannast og réttast án þess að þurfa að vera sammála. Bara sammála um það að hver og einn hefði rétt til að segja sína skoðun skilmerkilega og berjast fyrir henni. Við héldum þessu úti í þrettán ár. Ragnar í Smára hjálpaði okkur með fyrsta eintakið en hann gekk undir öllu sem þurfti að gerast í listalífi þjóðarinnar þá meðan hann entist. Fyrst hjálpaði hann okkur, síðan var þetta bara alltaf að halda því gangandi.

Einar Bragi, hann var svo drjúgur í öllu að þegar eitthvað var sem þurfti að gera, sem kannski ekki aðrir voru tilbúnir til að gera, alltaf leysti hann þau mál. Og það var óskaplega mikilvægt sem hann vann og þrýði hans kom sér vel þegar okkur Herði bar ekki saman. Við vorum dálítið einþykkir báðir en vináttan var það sterk að hún stóð það. Og við háðum baráttu innan tímaritsins, frammi fyrir þjóðinni, í þrettán ár. Okkur dreymdi alltaf um að finna unga menn sem tækju við þessu því við vorum allir bundnir af öðrum störfum. Þrettán ár og lauk 1968, þetta mikla ár þegar öllu átti að bylta. En við vorum ekki nógu fundvísir, fundum ekki ungu mennina, nema við vissum af sumum og það voru meðal þeirra aðrir sem vildu taka stjórnina og stýra því í þveröfuga átt. Það voru mjög fínir menn þarna sem við höfðum augastað á, eins og einn sem situr þarna á endanum og allir vita af hans ágæti, ég þarf ekkert að tala um það, skáldið Sigurður Pálsson.

Haldór:

Þetta eru eiginlega orðin til þess að ljúka þessari fyrstu sessjón, enda erum við komin furðulegan hring, aftur til ársins 1968. Auðvitað þarf að geta þess að í *Birtingi*, þarna undir lokin, birtust fyrstu ljóðin eftir sautján ára skáld, Sigurð Pálsson, þannig að við lokum líka hringnum að því leyti. En, áður en við gerum hlé, er komið að tónlistaratriði. Þú nefndir Atla Heimi áðan og nú verður flutt tónverk eftir hann, við ljóð þitt „Haust“. Flytjendur eru Ingveldur Ýr Jónsdóttir söngkona og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari.

Haust

Vindurinn og
laufið
fer hissa á nýjum litum
oddaflug af trjánnum
flýgur
en skortir vængi
og fellur fast til jarðar
rekst í rás
og hafnar í dyngju

seinna kemur nýtt vor
án þess

HLÉ

Augnablik ferðalangsins

Haldór:

Góðir gestir, við byrjum þá aftur á þessu Rit-, tón- og sjónþingi Thors Vilhjálmssonar. Við höfum farið víða undir leiðsögn hans hér fyrir hlé og heyrt margt og meðal annars um tónlistaráhrif frá Bach og frænda Charles Parkers og þess vegna fer vel á því að við byrjum núna á tónlist. Það er tónverk eftir Áskel Músson sem samið var í París árið 1994 við ljóð Thors Vilhjálmssonar, „Spor“. Flytjendur þess eru Sigrún

Hjálmtyýsdóttir, Ástríður Alda Sigurðardóttir og Helga Björg Ágústsdóttir sem leikur á selló, gjörið svo vel.

Spor

*Strönd.
Fótspor af fugli í spori mannsins.
Sær.*

*Seinna fjölgaði fótsporunum þar.
Traðkið sýndi fjöld sem hverfur yfir haf.
Strönd.*

*Engin fótspor af fuglum enn.
Allt fer.
Sær.*

*Ströndin, sjórin, víðáttan.
Þú sem gekkst þar áður hefur liðið um þetta mannlausa svið.*

Einhvern tímann áður svifur ósýnd í minni mér frá því fyrir daginn í gær.

*Öldurnar.
Engir fuglar.
Ekki þú.*

Haldór:

Kærar þakkir, Helga Björk, Ástríður Alda, Sigrún og Áskell. Það fer eiginlega vel á því að ljóðið heitir „Spor“ því Thor hefur um árin verið sporlatur maður eða hitt þó heldur. Hann hefur víða farið. Árið 1959 kemur út bókin *Undir gervitungli* og síðan, á þremur árum, þrjú stór söfn með ferðapistlum og ritgerðum. *Regn á rykið* kemur út á þessum tíma og *Svipir dagsins* og *Nótt* í kjölfarið. Mig langar að gefa þennan ferðabolta, ef svo má segja, fyrst á þig, Ástráður.

Ástráður:

Já, það er freistandi að spyrja Thor svolítið um ferðalög og ég held að ef maður þyrfti að safna saman á blað nokkrum orðum sem lýsa

skáldskap hans þá væru „ferðalag“ og „ferðalangur“ þeirra á meðal. Ég held að það megi segja þetta líka um fyrstu bækurnar. Í fyrstu bókinni, sem Sigurður var að tala um, eru sögur sem eiginlega kjarnast í einhverju augnabliki ferðalangs þegar hann staldrar við í borg, eða eyðimörk ef því er að skipta. Maðurinn kann að vera alltaf einn en hann er á ferðalagi; hann er að fara eitthvert. Mig langar að spyrja um mikilvægi þessara þriggja ferðabóka, sem Halldór nefndi, og reyndar komu svo fleiri síðar. En líka um ferðalagið sem viðfangsefni og aðferð í skáldsögunum eða í sögum þínum almennt og í ljóðum þínum þess vegna líka. Þú varst að tala um tækni áðan; ég hef á tilfinningunni að ferðalagið sé að sumu leyti lykilþáttur í þessari tækni sem þú ert að tala um. Ferðalagið í hinum ýmsu myndum og líka hin innri ferðalög, hugsunin beinlínis: „Hugsunin myndbreytti sviðinu“ svo maður hendi á lofti eftirminnilega málgrein úr *Ópi bjöllunnar*. En má ég varpa þessu til þín?

Thor:

Já, þú mátt varpa hverju sem þú vilt en það er bara hvort ég næ að grípa það og koma einhverju frá mér. En við erum öll á ferðalagi á meðan við endumst frá vöggju til grafar, ef svo má segja. Svo setjumst við einhvers staðar og þá kannski sest fugl á öxlina á manni eða fiðrildi í hárið, kannski nær maður að skoða það. Mér er tamt að nota þetta ferðalag svona með ýmsu móti enda eru ferðalögin ýmisleg og margvísleg og margvísandi kannski. Meðan maður fær að leika lausum hala að vissu leyti og rangla svona um jörðina þar sem griðin gefast til þess.

Ástráður:

Er þetta ekki tengt með einhverjum hætti frelsishugsuninni sem er mjög ríkjandi í þínum texta? Það er þessi trú á listsköpunina og ímyndunaraflið sem kemur hvað eftir annað fram sem hluti af þeim húnánisma sem er alls staðar í þínum verkum, þrátt fyrir öll nútímaeinkennin?

Thor:

Mér finnst nú freistandi að list sé til einhvers og einhverjum nýt og ég hef alltaf farið fram eins og mér hentar en með þeirri von að það sé einhverjum gagn í því og nýtanlegt með einhverjum hætti. Stundum hættil mér til þess að gerast svo frakkur að ætlast til þess af listamönnum að þeir hafi einhver erindi hver fyrir sig og þegar þeim er illa tekið að

þeir samfylki þá kannski og síðan er æskilegt að hver rati sína leið og standist kröfurnar innan og utan, dugi öðru fólki. Þetta er svona hugsjón, kannski.

Veraldleg ferðalög

Haldór:

Ef maður spyr um ferðalagið algjörlega úr veraldlegri átt, af því þú hefur nú verið fararstjóri í margfaldri merkingu, líka venjulegur fararstjóri, með þeim fyrstu, held ég, sem fer með Íslendinga í hópferðir suður í lönd. Ég hef grun um að það hafi nýst þér vel í mörgum bókum?

Thor:

Ég held þú sért, eins og endranær, alveg réttspár um það. Ásbjörn Magnússon var frumherji um stofnun fyrstu ferðaskrifstofunnar sem hét Orlof og honum datt í hug að lokka mig í þetta hlutverk sem mér var afskaplega gagnlegt. Kannski maður ætti, það er svo langt síðan, að vera dálítið berorður um það. Seinna kom Sunna og vinur minn, Guðni Þórðarson; við brölluðum margt saman. Og ég gerði mér grein fyrir og læt það í ljós að maðurinn er það dýrmætasta af öllu; fólk og að bera ábyrgð á fólki. Það var ekki auðvelt en maður hafði unaðs-stundir með stóra flokka, kannski 40 manns, að fara fyrstu ferðirnar. Þá átti að gleypa, eftir að létti öllum höftum vegna ófriðar og svona, þá átti að nota tækifærið og taka allan heiminn, alveg fylla sig. Fimm lönd á 24 dögum og allan daginn alltaf að. Aldrei meira en svona tvær ferðir á ári; þannig hópferðir undir minni stjórn.

Og af því ég er kominn í þessa aðstöðu þá get ég sagt að óskaplega féll mér illa að þurfa að fara með mitt verðmæta samfélag í eitthvað sem hét „Rome by night“ eða „Paris by night“, í þessi glyðrulegu næturból þar sem allt var blekking og tál frá staðarins hálfu. Með þetta fólk sem manni þótti vænt um og láta eins og ekkert væri og vona að það fengi eitthvað út úr því og þá var það allt í lagi. Mörgum brá við að komast í þessi miklu listaból með menningu sem náði allar götur aftur og gleypa það allt. Brá þá sumum illa við. Að hafa ofan af fyrir fólk og gerast skriftafaðir líka þegar þurfti. Það var hollt fyrir mann að hlusta og það var nú það sem ég var að ýja að áðan þegar ég sagði að maður væri búinn að uppgötva að það sé brýnast fyrir skáld og rithöfunda að

kunna að þegja. Og þegar maður talar, að segja þá eitthvað.

Og þá kemur mér í hug þegar ég var stundum að ganga um slóðir forfeðra minna og formæðra norður í Þingeyjarsýslum, það er sko enginn sýslurígur í mér, það er eins og ég sé tengill á milli af því að ég á ættir í báðar sýslurnar. Þegar ég gekk með bakpoka og tjald sem Kjarval gaf mér. Að vera í þessu tjaldi í svona einhvers konar vernd Kjarvals, í hans skjóli í tjaldinu litla sem var létt að bera.

Manneskjan er allra tíma

Ástráður:

Ég er svo forvitinn að heyra meira um ferðalög. Þessi ferðalög hafa nú seinni árin farið með þig aftur á Sturlungaöld. Þú hefur verið að semja skáldverk sem eru eins konar samræða við Sturlungaöldina. Þá á ég við *Morgunþulu í stráum* og *Sveig*. Reyndar er ferðalag beinlínis umfjöllunarefni í *Morgunþulunni*, gríðarlega mikið ferðalag. eru þetta hliðstæður við nútímann sem þú ert að velta fyrir þér? Ertu að finna einhvern hljómbotn fyrir okkar aðstæður í nútímanum?

Thor:

Þetta er með því hugarfari að manneskjan sé allra tíma og hættur séu á öllum tímum. Ég lagðist ekki í *Íslendingasögurnar* til þess að reyna að skrifa þær upp að nýju. Einhvern tímann rakst ég á einhvern, sem hafði einhvern illan bifur á mér, sem sagði að ég væri eitthvað að skrifa eitthvað annarra manna, að ég væri að endurskrifa. Sumir eru kannski á því að setja barnamál á *Íslendingasögurnar* en ég held maður vandi sig aldrei nógu vel þegar maður talar við börn og maður á ekki að búa til eitthvað barnamál. Það er bara móðgun við alla tilveruna.

Ég las snemma *Íslendingasögurnar*. Þegar ég var lítið barn þá var kennslukona sem kenndi okkur litlum börnum í kjallaranum hjá sér. Og ég var nú þrúður og háttvís talinn, fór einförum og svona eins og lítill börn gera, bjó mér til einhvern sérheim í heiminum. Það var bók sem hét *Karlinn í tunglinu* og kennslukonan gerði svona strik vinstra megin og svona strik neðarlega hinum megin, svo átti maður að lesa heima á milli. Svo kom hún, afskaplega stór og mikil, myndarleg kona með höfuðið alveg uppi í lömpunum og sagði: „Hefur þú lesið þetta,

litli drengur?“ Og ég sagði: „Já, ég las bókina“. Þá leit hún á mig alveg ofan úr sinni miklu hæð, og ég svona pínulítill, og fór upp brattan stigann upp í íbúðina sína og tók stærstu bókina. Það var ekki *Biblían* heldur *Heimskringla*. Hún setti hana fyrir mig sagði: „Þetta mátt þú lesa, litli drengur.“ Og ég þurfti ekkert að reikna enda þótti mér það leiðinlegast af öllu og vanrækti alla mína skólagoöngu nema bara rétt til þess að skríða frá einum bekk upp í annan.

Svo hef ég kynnst miklum stærðfræðingum, sumum mjög nákomnum mér, sem hafa sýnt mér fram á þessa óendanlegu feegurð sem er í stærðfræði og í öllu sem lýtur að stærðunum. Og þá er gott að hlusta á músíkina eftir Bach og aðra þá sem eru færir um að miðla þessari miklu feegurð sem er í stærðunum.

Galoppinn fyrir furðuverkum

Halldór:

En þetta er dálítið gott, Thor, af því við spurðum þig um ferðalag þá fyrstu bara með okkur í ferðalag og það var eiginlega nákvæmlega það sem helst var hægt að ætlast til. Ferðalög snúast náttúrulega um forvitni eins og þú nefndir sjálfur. Mér finnst þetta vera megineinkennið í þínum skrifum og hugsun, það er þessi forvitni, og svo ertu líka höfundur af þeirri gerð, sem vonandi hverfur ekki úr sögunni, sem trúir á hugljómun. Maður finnur þetta stundum í þínum verkum. Sigurður sendi okkur um daginn örlitla svipmynd þegar við vorum að undirbúa þetta með spurningum sem við munum aldrei koma að. Ég ætla að biðja hann að lesa þá svipmynd því það er svipmynd af þér í þessu sambandi.

Sigurður:

Nýfluttur heim frá París 1982. Sumar og björt nótt. Eitthvert hús í Grjótaborpinu, hópur fólks að spjalla. Einhver rauðvinsleki búinn og allir drukku ágætis te og mikið af ungsúrrealistum úr Breiðholtiinu sem hétu súrrealískum nöfnum eins og Eldon, Jóhamar og Sjón, sem ég sá þarna í fyrsta skipti, virtist vera nýfermdur en var tvítugur og hló lýrískum baritónhlátri og manni varð hugsað til André Breton. Nú ættirðu að vera hér, gamli refur.

En eftirminnilegastur úr þessari nærturgedrykkju í Grjótaþorpinu er sá elsti á svæðinu, hann var 57 ára, nákvæmlega jafn gamall mér núna. Hann var elstur en ekki yngstur en það var samt eftirtektarvert hvað hann var forvitinn að hlusta á þetta unga fólk. Hann var í raun forvitnastur allra. Opinn fyrir nýjungum, viðbúinn því að verða fyrir hugljómum, ekki síður en þessir neo-surrealistar sem voru þó með öll móttökutækin fínþússuð og galopnir fyrir furðuverkum.

Halldór:

„Galopinn fyrir furðuverkum“, það hefur þú alltaf verið og það verða lesendur þínir að vera. En þetta er ekki spurning, þannig að ég ætla ekki að biðja þig að svara henni, heldur ætla ég að biðja Steinunni Ólafsdóttur að lesa fyrir okkur örstuttan kafla úr bókinni *Grámosinn glóir*.

Steinunn Ólafsdóttir, þriðji lestur.

Halldór:

Kærar þakkir, Steinunn. Þessi magnaði kafla var úr *Grámosanum* sem kom út 1986. Árið áður hafðirðu sagt í viðtalinu við Matthías Viðar: „Þetta hefur alltaf verið stríð“. Árið 1986 kemur *Grámosinn* og verður metsölubók. Tveimur árum síðar færir hún þér Norðurlandaráðs-verðlaunin. Fjórum árum síðar færðu norræn bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar. Þú færð viðurkenningu frá Ítölum. Þú ert bæði riddari og kommandör, held ég, af hinni frönsku bókmenntaorðu. Fannst þér eins og stríðinu væri lokið?

Thor:

Nei, Halldór minn, mér fannst því ekki lokið en svo eru áfangar líka í stríði. Og í eyðimörkum eru vinjar og á sjó kemur logn stundum á milli storma. Ég var alltaf að vona að maður dygði lengur og væri ekki bara einhvern veginn settur í einhvern kassa eða í kór eða hindrað að maður væri á almannafæri. En ég reyni að duga svolítið lengur. Berjast fyrir því sem þarf að berjast fyrir og á móti því sem þarf að berjast á móti. Það gildir á öllum tímum og um allar manneskjur. Að maður berjist hart á móti því sem angrar mann og angrar fleiri. Reyna að vera þarfur og heyja þetta stríð.

Sagnamaðurinn Thor

Halldór:

En það koma margar bækur á eftir *Grámosanum*. Ástráður kom inn á *Morgunpuluna* sem færði þér Íslensku bókmenntaverðlaunin, svo ég haldi því líka til haga. En skömmu síðar kom út önnur bók, *Sveigur*, sem kallast á við *Morgunpuluna* og sem kannski færri þekkingja. Það væri gaman ef þú segðir okkur aðeins frá henni. Þar er ekki hetjan lengur í forgrunni heldur friðsemdarmaðurinn, hlustandinn kannski.

Thor:

Já, ég get nú lítið sagt um hana; það stendur bara allt sem þarf að vera í bókinni! Hann var dæmdur til þess að vera konungsefni, Sturla Sighvatsson. Þessi glæsti maður, af þessari miklu ætt. Í *Morgunpulunni* reyndi ég að fara með þessa spurningu: Hvers vegna tapaði hann stríðinu? Ég leyfði mér margt í þessari smíð minni, tilgátur ýmsar, sem eru ekki tilgátur heldur veruleiki, og uppástungur. Og verkið er sjálfstæður skáldskapur. Ekki að skrifa fornsögur heldur búa til nútíma-skáldsögu með alls konar hluti sem mér höfðu áskotnast í leit minni. Og byggja trausta byggingu; mitt skáldverk um það að vera til og hvernig væri hægt að vera til á hvaða tíma sem væri. Þetta var mín hugsun fyrst og fremst. Voðaverkin, þá frétti maður af voðalegum hlutum, sem voru að gerast hér og þar í heiminum, og lifði það svona í sinni tilveru og var að reyna að koma orðum að voða okkar tíma, allra tíma. Og fjalla um það með þessum hætti sem mér fannst hvíla nokkur skylda á mér að reyna, af því afli sem mér væri tiltækt. Svo þetta var hetja, konungsefnið sem tapaði. Ég ætla ekki að segja meira um það enda þarf það ekki. Það er bara þarna.

Og svo *Sveigur*. Þá var það maður sem ég held að sé andhetja eða eitt-hvað svoleiðis: Guðmundur skáldi. Ekki þessi glæsti sem ljómar alls staðar og eykur hrifningu eða hatur eftir atvikum og stundum hvort tveggja. Heldur þessi sem veit ekki um uppruna sinn og reynir að komast frá því sem er talinn uppruni hans. Hann fær skjól í klaustrinu, hjá þessum vitru mönnum sem voru með alheimsviskuna og allt það. Og þessi maður, þessi litli drengur, honum var nú tekið vinsamlega í klaustrinu. Hann fékk að vera þar og hann var svo vel gerður inni í sér að hann vissi að hann mátti ekki trufla þá sem voru í þessu háa og

spyrja ef hann vissi ekki. Fóstri hans er svo góður við hann og kennir honum að draga til stafs, gera stafi og lesa og svona. Þá kemur þessi glæsti höfðingi þarna. Vitnast það að pilturinn geri svo falleg afrit og skrifi það sem honum er uppálagt. Þá vill höfðinginn fá hann lánaðan. Og svo fer hann með þessum manni sem er glæstastur en hefur sig aldrei sjálfur í frammi en er alltaf viðbúinn. En svo er hann kominn aftur heim löngu síðar; víðreistur - að svo miklum liðnum leikum vitni; og í skjól hjá öðrum höfðingja, sjálfum Sturlu Þórðarsyni, þessum óskaplega meistara. Ekki var ég að reyna að skrifa upp Sturlu Þórðarson. Þessi dásamlegi snillingur sem fléttar svo undurfagurt sögur; það er svo mikið að það er hægt að lesa alla ævina nýtt og nýtt úr því.

Og svo fór ég með sögupersónu hans og nafna, Sturlu hinn Sig-hvatsson, í suðurgönguna, af því það eru bara fáar línur sem segja frá Rómarferðinni, þá fannst mér ég ekkert vera að skemma fyrir Sturlu Þórðarsyni eða hnýsast. Það eru bara fáar línur sem segja að hann hafi komist með norska biskupnum, Páli biskupi, alla leið til Rómar. Og þá er honum refsað fyrir syndir, hann er að reyna að fá fyrirgefningu fyrir sig og föður sinn og syndirnar. Þeir smugu kannski framhjá Pétri sem er með lyklana og allt vald. Þá fannst mér ég ekki vera að haga mér neitt ókurteislega við þann mikla sagnameistara sem ég dái svo mjög, Sturlu Þórðarson. Frændinn glæsti er leiddur með syndabyrðina milli höfuðkirkna og það er tyftað eitthvað, danglað í hann.

Og svo segir í frásögu Sturlu Þórðarsonar af frænda sínum og nafna: „Og borgarmúgurinn stóð þá bara og undraðist hví svona gjörvulegur maður væri svo sárt leikinn“. Og mér fannst ég hafa ferðafrelsi með honum. Svo þegar kemur heim þá er Guðmundur skáldi alltaf að skima í góðu skjóli hvort Sturla konungsefnið fari ekki að koma bráðum. Og hlusta hvort hann heyri hófadyn og svo er hann kominn til annars höfðingja, Þórðar Narfasonar, sem er ábyrgur fyrir öllu og er svo vel gerður maður að hann vantroysti sér til að vinna sitt ætlaða verk, að taka við öllu af Sturlu Þórðarsyni og búa það þannig að það bærist áfram og stæði áfram. Og allt í einu, eina nóttina fær Þórður Narfason vitrun og von að valda því verki. Og það er höfðingjasetrið Skarð við Breiðafjörðinn. Og fólkíð hefur dálítið gætur á karlreyinu og lætur hann hafa nóg skinn, af því hann er alltaf að búa til skó fyrir húsbónda sinn, Sturlu Sighvatsson, sem er búinn að vera svo lengi í burtu að

hann sé kannski orðinn illa skæddur. Og þegar karlinn hleypur út í sjóinn þá hlaupa þeir til og hífa hann í land og svo deyr hann upp við einn steininn. Það eru steinar hér og þar og vonandi á réttum stöðum í bókinni.

Halldór:

Fyrir þá sem ekki vissu þá er þetta að mestu leyti úr bókinni *Sveigur* sem kom út skömmu á eftir *Morgunpulu úr stráum* og ég játa fullkomlega á mig þá undirhyggju að hafa viljandi spurt um þessa bók til þess að þið gætuð hlustað á Thor segja þessa sögu.

Thor:

Það er nú minna gagn í því, Halldór minn, heldur en að lesa bara bókina.

Halldór:

Svo við fáum líka þetta sjónarhorn af sagnamanninum Thor. Við verðum að fara að ljúka þessu en mig langar að spyrja féлага mína: Eru einhverjar spurningar sem þið viljið koma að í lokin?

Ferðalag þýðandans

Ástráður:

Það má aðeins minnast á að það er annað sem Thor hefur verið að fást við seinustu tvo áratugina, það eru þýðingar. Og reyndar held ég að Thor hafi verið að þýða úr alls fimm tungumálum sem er eiginlega með ólíkindum og engin smá verk: *Dagleiðin langa inn í nótt* eftir Eugene O'Neill, *Hlutskipti manns* eftir André Malraux, *Nafn rósarinnar* eftir Eco, *Hús andanna* eftir Allénde og síðan *Alkemistann* eftir Coelho. Mig langar að spyrja þig hvernig það er fyrir rithöfund, sem er með svona sterkan og sérstæðan persónulegan stíl, að laga sig að tjáningarhætti annarra rithöfunda? Það er náttúrulega eins konar ferðalag.

Thor:

Mér reyndist það mjög hollt að reyna að túlka annars manns anda, hugsun og tilfinningar. Hollt að reyna að setja sig í þennan vanda af fullkominni hollustu og skila annars manns verki. Það er góð þjálfun

og hollt uppeldi á sjálfum sér að gera það. Ekki síst þegar ég var að reyna að þýða André Malraux. Hann var svo ógurlega og dásamlega gáfaður og það var nú mikil barátta. Ég hef ekki tekið að mér þýðingar nema ég finni einhverja þörf hjá mér til að þýða, núna síðast *Alkemistann*.

Halldór bað mig að gera sér greiða að þýða *Alkemistann*. Ég hafði kynnst bókinni í Leeds í skjóli Örnólfs, sonar míns, þar sem við vorum hjónin í óskaplega miklu atlæti. Hann leiddi mig í alveg dásamlega bókabúð háskólans þar sem hann var gistiprófessor og við fundum þar bókina á ensku og ég laðaðist að henni. Hitti Coelho svo snöggvast í París fyrir greiðvikni vinar míns sem kynnti hann þar á bóka- markaði óskaplega miklum. Og Halldór bað mig að gera sér þennan greiða og það þótti mér skemmtilegt ef ég gæti og álpaðist til að reyna. En ég sagði ekki Halldóri frá því að mig langaði til að vita hvort ég gæti ekki lært eitthvað í portúgölsku af því að þýða hana. Og það var mikil hamingja að ég komst á leiðarenda. Það er nefnilega allra skemmtilegast að sanna fyrir sjálfum sér að maður geti gert eitthvað, sem kannski virtist ofraun, en svo er þetta mjög frambærileg bók.

En með hann Eugene O'Neill, þetta leikrit sem hafði verið þýtt áður, *Húmar hægt að kveldi* hét sú þýðing og ég var beðinn að líta á hana. Það gerði Einar Pálsson, góður vinur minn, á dögum Rósinkrans. Ég sagði að þýðingin væri ekki góð, það var þýðandi sem slepti svo miklu. Og það gera ýmsir úti í heimi, til dæmis sumir sem hafa þýtt Umberto Eco, sem var bestseller í Ameríku, þýðingin var að miklu leyti fölsun. Af því þýðandinn slepti; hann var svo sniðugur sá strákur eða karl, að sleppa öllu sem var erfitt, hoppa bara yfir það, klippa það burt. Þannig útleikin er bókin ekki fyllilega skiljanleg. En ef maður tekur að sér að þýða slíka bók þá má maður alls ekki láta hana fara frá sér án þess að hafa reynt að leysa hvern vanda sem er. Sumir þýðendur eru heimsfrægir svikarar á þessu sviði, ekki síst með stórum þjóðum. Að þýða þá bók var óskaplega margþætt námskeið fyrir mig, öll vísindin og fræðin og ég veit ekki hvað. Og stjórnufræði og siðakerfi í kirkju. Það var afskaplega hollt fyrir mig að læra og leita til hinna vitrustu manna sem ég fann meðal okkar þjóðar og njóta þeirra speki og handleiðslu.

Þegar ég þýddi Eugene O'Neill fyrir vin minn Svein Einarsson, þegar hann lauk farsælum ferli í Þjóðleikhúsinu, þá gerði ég náttúrlega eins og ég gat. En ég sagði við Svein að hann yrði að fá Helga Hálfðánarson, þennan dýrðarmann sem væri svo mikil dásemd í tilverunni, til að þýða ljóðin. Eða hann Daníel Lækni á Dalvík, sem var svona alhuga og fór helst aldrei út úr héraðinu sínu, sem þýddi *Sonnettur Shakespeares* og kvartetta T. S. Eliots. Alltaf að lækna fólkíð og stunda æðstu bókmenntir. En þú, Sveinn, bara hélt þú gætir ginn mig til að þýða þetta allt sjálfur og þá komst maður nú í hamskipti. En þá var það Guðmundur Andri, fyrirgefðu Andri minn að ég nefni það, þá var það hann sem bjargaði mér alveg af yfirburðum sínum og þannig leystist þetta allt.

Haldór:

En hafi einhver verið í vafa um það, Thor, að þú takir þýðingar þínar jafn alvarlega og skrifin, þá er það algjörlega afgreitt hér og ljóst að þú leggur á þig að læra heilu tungumálin til að þýða eina bók.

Thor:

Ekki heilu tungumálin en það sem þurfti.

Haldór:

Það, sem á vantaði, skulum við segja. Það er í rauninni ekki rúm fyrir fleiri spurningar en ég ætla samt að gefa þér orðið, Siggi, af því mér finnst það svo gaman.

Bókmenntalandhelgin útfærð

Sigurður:

Já, einu sinni var landhelgin þrjár mílur og svo var hún færð út og endaði í 200 mílum. Og þetta finnst mér eiga við um framlag Thors til íslenskrar menningarlandhelgi og bókmenntalandhelgi. Það er engu líkara en hún hafi verið þrjár mílur og endað í 200 mílum. Og það er eitt sem ég hjó eftir þegar var verið að spyrja um hina ólíku tíma, tíma Sturlunga og svo framvegis, að það skiptir ekki höfuðmáli, finnst mér, vegna þess að aðalatriðið er að Thor er alltaf að fást við hið sammanlega á öllum tímum og ýmsum stöðum. Það er alltaf hið sammanlega og stóra myndin sem skiptir máli.

Og talandi um ferðalagið áðan þá datt mér í hug að texti Thors er farar-
tæki. Það er tæki til þess að ferðast. Það er skynjun sem fer af stað
og rásar milli staða og stunda. Loks langar mig til þess að flytja hinu
átræða skáldi örstutt ljóð sem hljóðar svo:

*Fylgir heillastjörnu
Einn á átræðum báti
Siglir með aflann
Alla leið í höfn
Alla leið í heila höfn*

Thor:

Þakka þér fyrir.


Haldór:

Hér lauk Sigurður Pálsson Ritþingi okkar svo ekki verður betur gert en
ég verð að bæta því við að nú er ykkur sem sagt öllum boðið á opnun
sýningar; ég vil endilega vekja athygli á henni. Hér er fjöldi myndverka
eftir Thor en líka eftir samverkamenn hans, Örn Þorsteinsson og Pál
á Húsafelli. Harpa Björnsdóttir á heiðurinn af þessari miklu sýningu
og hún og starfsfólk Gerðubergs hefur staðið sig frábærlega. Að svo
mæltu legg ég til að við klöppum einu sinni enn fyrir skáldinu.



Umbrot og hönnun / Kristín Póra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2011

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð